

**Nd.**

**568. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Gjaldeyris- og innflutningsnefnd skal skipuð fimm mönnum, sem ríkisstjórnin skipar. Skal einn þeirra skipaður samkvæmt tilnefningu Landsbanka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Útvegsbanka Íslands h/f og þrír af ríkisstjórninni án tilnefningar, og sé einn þeirra formaður og framkvæmdarstjóri nefndarinnar. Ef nefndar- maður forfallast, skipar ríkisstjórnin varamann um stundarsakir eftir sömu regl- um og aðalmenn eru skipaðir.

Ennfremur skal ríkisstjórnin skipa þriggja manna nefnd, er nefnist vörumiðl- unarnefnd, einn eftir tilnefningu Sambands íslenzkra samvinnufélaga, annan eftir tilnefningu Verzlunarráðs Íslands og þann þriðja án tilnefningar, og sé hann formað- ur nefndarinnar. Nefnd þessi skal ákveða, hvernig skipta skuli milli innflytjenda inn- flutningi þeim, sem gjaldeyris- og innflutningsnefnd heimilar af búshöldum, skó- fatnaði, vefnaðarvörum og byggingarefni, að undanskildu því efni, sem ætlað er til þeirra opinberra framkvæmda og atvinnutækja, sem sérstök innflutningsleyfi eru gefin fyrir. Ríkisstjórnin setur nefndinni reglur um það, á hvern hátt hún skuli haga störfum sínum, og ákveður nánar verksvið hennar.

Til þess að standast kostnað við störf nefndanna skulu allir þeir, sem innflutn- ingsleyfi fá, greiða 2% — tvo af þúsundi — af upphæð þeirri, sem leyfið hljóðar um, en þó eigi minna en 50 aura fyrir hvert einstakt leyfi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.